



Minjastofnun Íslands
Suðurgötu 39, 101 Reykjavík

Mosfellsbæ 26. september 2022

Efni: Ósk um framkvæmdaleyfi við Skiphól í Mosfellsbæ

Hestamannafélagið Hörður í Mosfellsbæ óskar eftir framkvæmdaleyfi, til að setja niður nýjan reiðveg við fornleifar norðan við Skiphól (2540) á Varmárbökkum í Mosfellsbæ.

Fyrir liggur samþykkt deiliskipulagsbreyting síðan í september 2020 af Hestaíþróttasvæði á Varmárbökkum,

(<http://skipulagsaaetlanir.skipulagsstofnun.is/skipulagvefur/DisplayDoc.aspx?itemid=05637481165230677328>).

Fyrir liggur fornleifaskráning af fyrrnefndu skipulagssvæði. Ragnheiður Traustadóttir og Rúna K. Tetzchner: *Skiphóll og Varmárbakkar*, Fornleifaskráning vegna deiliskipulagsbreytinga, (fylgiskjal 1), auk tveggja bréfa frá Minjastofnun annað dagsett 7. september 2020 og hitt 7. desember 2020 (fylgiskjöl 2 og 3).

Búið er að hanna nýjan reiðstíg austan og norðan við Skiphól og mun hann liggja hér um bil eins og samþykkt skipulagið sýnir sjá: Reiðstígur við Skiphól, (fylgiskjal 4).

Lýsing á framkvæmd: Reiðstígurinn er byggður upp með malarefni 30 sm til 50 sm þykku, ofan á þá malafyllingu eru sett reiðstígaefni 10 sm. Malarefni er sett beint á óhreyfðan jarðveg og verður ekkert jarðrask á minjasvæðinu annað en að á svæðinu milli H5 og H6 verður jafnaður niður malarkantur sem þar er og tré fjalægð. Í stórstraumsflóðum og í vatnavöxtum mun Kaldakvísl renna upp að reiðstíg og því verður sett upp grjóthleðsla við norðurkant reiðstígsins, steinastærð áætluð 40 til 100 kg, sjá myndir og teikningar: Reiðstígur við Skiphól.

Fyrir hönd hestamannafélagsins Harðar

Margrét Dögg Halldórsdóttir
formaður

Afrit

Kristinn Pálsson skipulagsfulltrúi (kristinnp@mos.is)

Tómas Guðberg Gíslason umhverfisstjóri (tomas@mos.is)